

Tónlistarskóli Rangæinga

144. fundur stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga haldinn í húsnæði Tónlistarskólans á Hvolsvelli 10. september 2015 kl. 14:00.

Mættir: Ágúst Sigurðsson, Egill Sigurðsson, Kristín Þórðardóttir, Renate Hannemann, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir og Sigríður Aðalsteinsdóttir og Guðjón Halldór Óskarsson. Ísólfur Gylfi Pálmason boðaði forföll.

Ágúst setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Fjöldi nemenda og kennara skólaárið 2015 – 2016

Svipaður fjöldi nemenda við skólann og verið hefur. Nemendafjöldi er 240 með hljóðfæra-og forskólanemendum. Gæti endað í 280-290 nemendum, þar sem enn eru að koma inn skráningar. Ekki hægt að segja til um nákvæma tölu ennþá. Kveðst skólastjóri verða kominn með endanlega tölu fyrir næsta fund.

Skólastjóri fer yfir starfshlutföll og fjölda kennara. Segir svipað og á síðasta ári. U.þ.b. átta stöðugildi eru við kennslu í skólanum. Við bættist einn kennari vegna Suzukikennslu.

Rafræn innskráning hefur að mestu gefist vel þótt vissulega hafi orðið hnökrar á, eins og jafnan er þegar nýtt fyrirkomulag er tekið upp. Mikið hagræði af því fyrir skólastjórnendur og kennara að nota rafræna skráningu, þar sem upplýsingar um fjölda og hljóðfæra- og hljóðfæraval liggja fyrir að vori.

2. Forskóli og yngri barna kennsla - skipulag skólaársins

Skólastjóri leggur fram upplýsingablað vegna forskólakennslu.

Engar meiriháttar breytingar á fyrirkomulagi kennslunnar, en ætlunin þó að „víkka út“ kennsluna og jafna aðgang að hljóðfærum. Kennarar komi með kynningar á hinum mismunandi hljóðfærum til að kynna og vekja áhuga nemenda.

Áfram megináhersla á blokkflautu í 2. og 3. bekk en þó nýjar áherslur sem koma inn. Mesta breytingin verður í 4. bekk. Svokölluð hljóðfærahringekja tekin upp.

Farið var yfir kennsluefni forskólanáms.

Vortónleikar forskólanemenda verða haldnir um miðjan maí í samráði við grunnskólana.

Rætt var um þörf þess að kynna betur starfsemi tónlistarskólans fyrir fræðslunefndum í sýslunni. Skólanefnd hvetur til þess að fjallað sé um starfsemi tónlistarskólans í fræðslunefndum; eðlilegt sé að þeir sem fjalli um fræðslumál í sveitarfélögunum séu vel kunnugir starfsemi tónlistarskólans og að samræmis gæti við aðgang nemenda að tónlistarnámi, óháð því við hvaða grunnskóla þeir stunda nám.

3. Upphaf Suzukikennslu við TR –

Aðsóknin fer vel af stað. Námið stunda um tólf nemendur. Kennarar eru tveir; Guðrún Markúsdóttir og Ulle Hahndorf.

Skólastjóri segir ætlunina að halda opinn kynningarfund um hugmyndafræði Suzuki-kennslunnar og kennslufyrirkomulag; þátttöku foreldra o.s.frv. Þar með komi aðsóknin til



með að aukast. Hún segir því fyrirjábanlegt að biðlistar muni myndast á næstu árum og að mikilvægt sé að þeir nemendur sem vilja hefja nám geti það.

Nú fari kennslan einungis fram á Hvolsvelli, en mikilvægt sé að hægt sé að bjóða upp á námið á öðrum starfsstöðvum skólans. Skólastjóri ræðir hugmyndir sínar um starfsmannaþörf í þessu sambandi.

Skólastjóri leggur fram drög að fréttabréfi tónlistarskólans sem gefið verður út á netinu á næstu dögum. Nefndin fagnar framtakinu.

4. Tæki og tól til kennslu

Rætt um þróun námsaðferða. Tónlistarnám hefur ekki farið varhluta af spjaldtölvuvæðingunni. Það sem skortir við skólann eru fleiri spjaldtölvur í tengslum við tónlistarnámið. Fjárfest hefur verið í Bluetooth-hátölurum en vilji skólastjóra stendur til að fjárfesta í fleiri spjaldtölvum og gagnvirkum veggstöflum/flatskjám. Ekki hefur verið gerð kostnaðaráætlun vegna þessa en skólastjóri hyggst leggja hana fram fyrir næsta fund í tengslum við fjárhagsáætlunargerð fyrir næsta ár.

Rætt um aðstöðu skólans á Hellu og Laugalandi og lítilllegar endurbætur sem gerðar hafa verið og kominn var tími á. Skólanefndin fagnar sérstaklega bættri aðstöðu skólans á Laugalandi, þar sem skólinn hefur nú orðið eigin aðstöðu.

5. Önnur mál

Fjárhagsáætlun þarf að liggja fyrir í síðasta lagi um mánaðarmótin október-nóvember. Næsti fundur nefndarinnar er fyrirhugaður fyrir lok októbermánaðar.

Fundi slitið 15:30

Agnar Björk
Knutur Þorvaldursson
Klauggís Hege Ólafsdóttir
Jóhanna Björnsdóttir
fr. Guðrún Halldórs Ólafsson
Rannsókn
Egill Steinarsson